

Föstudaginn 8. mars 1996.

Nr. 91/1996.

Húsfélagið Krummahólum 4

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Búnaðarbanka Íslands

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Vanreifun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. febrúar 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi án kröfu. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. febrúar 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 20. mars 1995.

Stefnandi er Húsfélagið Krummahólum 4, kt. 611175-1329, Krummahólum 4, Reykjavík.

Stefndi er Búnaðarbanki Íslands, Austurstræti 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur, að fjárhæð 920.199 kr., ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 10. og 12. gr.

vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, frá 21. október 1993 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda.

Aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins ásamt virðisaukaskatti.

Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og að málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Málavextir.

Hinn 5. ágúst 1993 stofnaði Björg Jóhannsdóttir, Krummahólum 4, Reykjavík, reikning í Búnaðarbanka Íslands á nafni stefnanda. Á umsókn var tilgreint, að hann yrði notaður sem framkvæmdareikningur vegna rekstrar fasteignar Húsfélagsins Krummahólum 4. Tilgreint var, að Björg Jóhannsdóttir hefði heimild til að ávísa á reikninginn, sem hlaut númerið 61117.

Björg Jóhannsdóttir og þáverandi eiginmaður hennar, Jón Knútsson, voru þinglesnir eigendur að íbúð í Krummahólum 4. Jón Knútsson var gjaldkeri húsfélagsins frá 15. mars 1990 til 21. október 1993. Ekki voru haldnir aðalfundir í stefnanda á þessu tímabili. Samkvæmt skjölum málsins mun Björg Jóhannsdóttir hafa tekið að sér að sinna gjaldkerastörfum eiginmanns síns, án þess að henni hafi verið fengin til þess heimild frá stefnanda. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Björg Jóhannsdóttir hafi enga heimild haft frá stjórn stefnanda til þess að opna bankareikning fyrir húsfélagið.

Hinn 21. október 1993 fékk stefnandi endurgreiddan virðisaukaskatt frá tollstjóranum í Reykjavík. Fjárhæð endurgreiðslunnar var 920.199 kr., og var greiðslan innt af hendi í strikuðum tékka, út gefnum til Krummahóla 4. Tékkann framseldi Björg f. h. Húsfélagsins Krummahólum 4 og lagði andvirði hans inn á áðurgreindan tékkareikning nr. 61117 í Búnaðarbanka Íslands.

Stefnandi telur, að vegna þessa hafi stefnandi ekki fengið andvirði tékkans, heldur hafi Björg Jóhannsdóttir hagnýtt sér það í eigin þágu.

Hinn 15. mars 1994 kærði stefnandi Jón Knútsson og Björgu Jóhannsdóttur til Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir fjárdrátt. Í kærinni er m. a. fjallað um reikninginn nr. 61117. Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 28. sept. 1995, var tilkynnt, að af hálfu ákærvalds væri eigi krafist frekari aðgerða í málinu.

Niðurstaða.

Stefnandi höfðar mál þetta til heimtu skaðabóta vegna tjóns, sem hann hafi orðið fyrir vegna ætlaðs gáleysis stefnda við stofnun tékkareiknings nr. 61117 við aðalbanka stefnda. En vegna stofnunar tékkareiknings þessa hafi stefnandi ekki fengið andvirði tékka, að fjárhæð 920.199. kr.

Að sögn stefnanda var skipt um stjórn í stefnanda 21. október 1993. Tók þá nýr gjaldkeri stefnanda við störfum, og fékk hún prókúru fyrir stefnanda. Samkvæmt fram lögðum skjölum var umræddur tékkareikningur í notkun a. m. k. til 12. ágúst 1994.

Í skjölum málsins kemur fram, að þá er tékkinn, að fjárhæð 920.199 kr., var lagður inn á reikning nr. 61117 21. október 1993, var innstæða á reikningnum 1.054 kr. Eftir 21. október 1993 voru eftirtaldir fjárhæðir lagðar inn á reikninginn: 5.000 kr. 22. nóv. 1993, 227.500 kr. og 120.237 kr. hinn 17. okt. s. á., 36.020 kr. og 320.000 kr. hinn 26. janúar 1994, 4.000 kr. 28. janúar s. á., 60.000 kr. 17. febrúar s. á., 4.000 kr., og 89.855,30 kr. 21. s. m., 607.884,70 kr. 11. mars 1994, 22.000 kr. 18. apríl 1994, 30.000 kr. 3. ágúst 1994 og 1.058,70 kr. 11. ágúst 1994, samtals 1.527.555,70 kr. Að með talinni fjárhæðinni 920.199 kr. hafa því verið lagðar inn á reikninginn 21. október 1993 og síðar samtals 2.447.754,70 kr. Allar þessar greiðslur nema tékkinn að fjárhæð 920.199 kr. voru lagðar á reikninginn, eftir að ný stjórn hafði tekið við í stefnanda. Hin fyrsta eftir innlagningu tékkans að fjárhæð 920.199 kr. var lögð inn, eins og að ofan er rakið, 22. nóvember 1993. Inn á reikninginn virðist Björg Jóhannsdóttir hafa greitt a. m. k. 713.884 kr. fyrir utan einhverjar greiðslur vegna hlutdeildar hennar og eiginmanns hennar í kostnaði við framkvæmdir stefnanda.

Samkvæmt fram lögðum skjölum hafa a. m. k. eftirtaldir greiðslur af reikningi nr. 61117 gengið til greiðslu reikninga vegna stefnanda: 280.000 kr. 25. nóvember 1993 til Lögmanna, Skólavörðustíg 12, 280.000 kr. 20. desember 1993 til sömu, 600.580 kr. 28. febrúar 1994 til Lögmanna, Hamraborg, samtals 1.160.580 kr. Þar fyrir utan verður að telja, að greiðsla, að fjárhæð 232.623 kr., 22. október 1993 til Hitaveitu Reykjavíkur hafi verið vegna stefnanda. Samtals hafa því a. m. k. 1.393.203 kr. af greiðslum út af reikningnum gengið til greiðslu á reikningum vegna stefnanda.

Þrátt fyrir tilmæli þar að lútandi hefur stefnandi ekki lagt fram nein gögn, er sýni raunverulegt tjón stefnanda vegna ætlaðs gáleysis stefnda. Af skjölum málsins verður hvorki séð, hverju það kann að nema né hvort um eitthvert tjón er að ræða.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir svo mjög skorta á um skýran og ljósan málalímbúnað af hálfu stefnanda, að vísa beri málinu frá dómi ex officio vegna vanreifunar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
